

Fullgild rafræn undirskrift

GÚSTAV ARON GÚSTAVSSON
2021-10-08 15:16:48 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÞÓRIR HVANNDAL ÓLAFSSON
2021-10-08 15:31:44 GMT
Ástæða: Undirskrift

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar
Austurvegi 2
800 Selfoss

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2021
Tilv.: SRN21010025/4.11.3

Efni: Ársreikningur 2020 - fjárhagsáætlun 2021

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) hefur móttengið og farið yfir svarbréf ásamt fylgigögnum frá Árborg, dags. 9. september 2021, við bréfi sem EFS sendi sveitarfélaginu þann 19. ágúst sl. varðandi ársreikning 2020 og fjárhagsáætlun 2021. Eftir yfirferð nefndarinnar var ákveðið að óska eftir frekari skýringum á eftirfarandi atriðum:

1. **Leigubústaðir Árborgar ses:** Í svarbréfi sveitarfélagsins kemur fram að ekki hafi verið heimildir til að halda leigufélaginu utan samstæðu sveitarfélagsins og er EFS sammála því. Skuldbindingar vegna leigufélagsins koma ekki heldur fram í ábyrgða- og skuldbindingayfirlitinu.

Samstæðuársreikningur Árborgar fyrir árið 2020 er því ekki réttur sem leiðir til þess að skuldir og skuldbindingar eru vantaldar. Sveitarfélagið þarf að bregðast við því þannig að gerður sé réttur ársreikningur fyrir árið 2020, þmt með samanburðartölum. Óskað er upplýsinga um hvernig sveitarfélagið hyggst standa að því. Sé það ekki gert mun koma til þess að EFS birti opinberlega ályktun um reikningskil Árborgar.

2. **Framvinda rekstrar- og fjárfestingaráætlunar:** EFS óskaði eftir samanburði upphaflegrar fjárhagsáætlunar og rauntalna. Í yfirlitinu sem fylgdi með svarbréfinu eru upplýsingar um stöðu verks í hlutfalli við fjárheimild. Ekki liggur fyrir hvort um er að ræða upphafleg fjárheimild eða fjárheimild með viðauka og óskast það upplýst. Jafnframt óskast upplýsingar um framgang verks, þ.e. stöðu þess sem lokið er sem hlutfall af verkinu í heild.

Svör við ofangreindum atriðum berist nefndinni eigi síðar en 15 dögum eftir dagsetningu bréfs þessa. Þegar svör hafa borist mun nefndin í framhaldi óska eftir fundi með fulltrúum Árborgar þar sem umræðuefni fundarins verður yfirsýn yfir heildarmyndina hjá sveitarfélaginu Árborg sem og framtíðarsýn í fjármálum sveitarfélagsins.

Fyrir hönd ráðherra

Þórir Ólafsson

Gústav Aron Gústavsson

ÁRBORG	
Brnr: 00.14.0	Mótt: 14.10.21
Ábm: 1A	Mnr: 2108273